



Snemmtæk íhlutun með áherslu á málþroska og læsi

Menntamálastofnun í samstarfi við Ásthildi Bj. Snorradóttur, talmeinafræðing

Markmið verkefnis:

Að öll börn í leikskólum á Íslandi nái hámarksárangri hvað varðar mál, tal, boðskipti og læsi í víðum skilningi. Stefnt er á að þessi undirbúningur skili börnum betur undirbúnum inn í fyrsta bekk grunnskóla og að unnið sé í anda heildstæðrar skólustefnu. Lögð verður áhersla á að hvert barn fái íhlutun og kennslu við hæfi og að kennsla í grunnskólum byggji á niðurstöðum og áherslum í kennslu frá leikskólum.

Unnið verður eftir hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun með áherslu á hámarksárangur allra nemenda hvað varðar málþroska og læsi.

Þróun í málþroska:

- Barnið byrjar að uppgötva málið (frá fæðingu til 8 mánaða)
- Barnið getur skipst á boðum (8 til 12 mánaða)
- Barnið byrjar að segja fyrstu orðin (12 til 18 mánaða)
- Barnið getur sett saman tvö til þrjú orð (18 mánaða til 2 ára)
- Barnið myndar einfaldar setningar (2 til 3 ára)
- Barnið myndar flóknari setningar (3 til 5 ára)
- Barnið hefur náð valdi á framburði allra málhljóða (5 til 6 ára)



Sjá einnig heimasíðu HTÍ www.hti.is

Seinkun í leikþroska og orðaforða getur verið fyrsta vísbending um lestrarerfiðleika. Þau börn sem hafa góðan orðaforða hafa forskot þegar kemur að lestrarferlinu, vegna þess að þau hafa fleiri orðmyndir. Það skiptir einnig miklu máli að þekkja og vinna markvisst með aðra undirstöðupætti fyrir lestur sbr. hljóðkerfisvitund, málskilning, bókstafi/hljóð og lesfimi. Í verkefninu er fjallað sérstaklega um þessa þætti og hvernig má finna börn sem eru í áhættu og beita hagnýtum aðferðum snemmtækrar íhlutunar. Þetta þýðir að því fyrr sem málþroskafrávik eru greind og skilgreind er hægt að draga úr, eða jafnvel koma í veg fyrir námserfiðleika síðar á lífsleiðinni.



Helstu verkþættir:

- Umræða og kynning á verkáætlun – verkferlar.
- Samstarf við heilsugæslu.
- Móttökuáætlun fyrir börn sem eru tvítyngd/fjöltýngd.
- Prófanir í leikskóla – þróun í málþroska.
- Flokkun á málörvunarefni – kennsluaðferðir.
- Íhlutun í málörvun og læsi – vinna í gegnum leikaðstæður.
- Uppbygging málörvunarhópa, einstaklingsþjálfun.
- Skráning og mat á árangri.
- Samstarf við sérfræðinga og foreldra. Fræðsla og heimavinna.
- Samstarf við dagforeldra, starfsfólk bókasafns og hvernig er hægt að virkja samfélagið til að taka þátt.
- Handbók leikskólans sem starfsfólk leikskólans útbýr fyrir hvern leikskóla.



Afrakstur:

Aukin þekking, færni og öryggi starfsfólks leikskólanna í vinnu með málörvun og læsi. Einnig skilvirkari vinnubrögð hvað varðar uppbyggingu málörvunarstunda, leikaðstæður og val á viðeigandi málörvunarefni til að styrkja málþroska og læsi.

Valdefling leikskólans til þess að virkja betur sérfræðiþekkingu og úrræði sem þegar eru til staðar í leikskólanum. Aukið öryggi við að beita aðferðum snemmtækrar íhlutunar til að mæta þörfum allra barna.

Unnið út frá heildstæðri skólustefnu með því að efla samstarf á milli leik- og grunnskóla. Aukið samstarf á milli starfsfólks leikskóla, foreldra og annarra sérfræðinga.

Þetta samstarfsverkefni byggir á þróunarverkefni Ásthildar Bj. Snorradóttur um snemmtæka íhlutun með áherslu á málþroska og læsi. Leitast er við að skilgreina og flokka málörvunarefni eftir viðeigandi málþáttum. Einnig eru útskýrðar skimanir/prófanir sem eru notaðar í leikskólanum til að meta málþroska og undirbúning fyrir lestur. Sérstök áhersla er lögð á að skilgreina hvaða íhlutun fer í gang eftir skimanir/prófanir með yngri og eldri börnum leikskólans ásamt því að útbúa hagnýta verkferla sem auðvelt er að vinna eftir. Markmiðið er að verkefnið verði til þess að sem flestir sem vinna með ung börn vinni eftir hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar. Einnig er lögð áhersla á að vinna eftir gagnreyndum aðferðum á hagnýtan hátt með áherslu á íhlutun við hæfi, skráningu á því sem gert er í málörvun, flokkun á málörvunarefni, samvinnu og mati á árangri með viðeigandi gátlistum sem byggja á dæmigerðri málþróun ungra barna. Sérstök áhersla er lögð á að mæta þörfum allra barna þ.e. börnum sem eru að læra íslensku sem annað tungumál, börnum með málþroskafrávik og börnum sem fylgja hefðbundinni þróun í málþroska. Allir sem starfa í leikskólanum geta tekið þátt í að gera þetta verkefni að veruleika með því að taka virkan þátt í innleiðingunni á verkefninu.

